

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Athugasemdir vegna breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um breytingu á þingsályktun nr. 13/141 (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða) og frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar – 244. mál, 144. löggjafarþing.**

Við höfum kynnt okkur breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar við mál 244 og frávísunartillögu minnihluta nefndarinnar. Við mótmælum tillögu meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis um að fimm virkjanir sem þar eru nefndar verði nú fluttar úr biðflokki yfir í nýtingarflokk en tökum undir frávísunartillögu minnihlutans.

Í nóvember 2014 sendum við athugasemdir til atvinnuveganefndar vegna flutnings Hvammsvirkjunar í nýtingarflokk þar sem við mótmælum þeim gjörningi og færðum rök fyrir máli okkar. Einnig sendum við athugasemdir um sama mál til verkefnisstjórnar rammaáætlunar þann 19. mars 2014. Þeim er enn ósvarað.

Á vef rammaáætlunar segir : „*Virkjunarkostir sem ekki er hægt að taka afstöðu til vegna skorts á gögnum eru settir í biðflokk.*” Í ljósi þessara orða er óforsvaranlegt að setja virkjanirnar þrjár í Þjórsá í nýtingarflokk þar sem margt er óljóst um áhrif þeirra.

Má þar fyrst nefna áhrif á lífríki Þjórsár sem m.a. fôstrar einn stærsta villta laxastofn Íslands. Miklar líkur eru á að framkomnar virkjunahugmyndir stórskaði og jafnvel útrými Þjórsárlaxi. Ekkert öryggi er fyrir því að kynntar mótvægisáðgerðir framkvæmda aðila virki í íslenskri jökulá. Þarna er náttúran ekki látin njóta vafans heldur virkjanirnar og Varúðarreglan brotin.

Í öðru lagi hafa áhrif virkjanaframkvæmda á nærsamfélag ekki verið skoðuð og á það hefur margoft verið bent í þessu ferli .

Sjálfbær þróun hefur þrjár stödir, en þær eru samfélagslegar, umhverfislegar og efnahagslegar. Hér er því verið að brjóta tvær þeirra, þ.e. samfélagslegar og umhverfislegar og fjárhagslegur ávinningur þjóðarinnar af virkjununum er tvísýnn. Efnahagslegar forsendur einar og sér duga ekki til að uppfylla ákvæði sjálfbærrar þróunar, sem á þó að vera leiðarljós á Íslandi.

Að okkar mati er það því óábyrgt að flytja Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkun í nýtingarflokk á þessu stigi og hvetjum við Alþingi til að vísa þeim aftur til umfjöllunar í rammaáætlun. Nauðsynlegt er að fá nýtt mat á umhverfisáhrifum allra þessara virkjana þar sem hið gamla er orðið 12 ára og að auki ábótavant. Þar skortir upplýsingar um áhrif á fiskistofna og annað lífríki árinna, samfélagsáhrif, tilfinngalegt gildi náttúrunnar og landslags sem fórnar yrði vegna framkvæmdanna. Í mati á umhverfisáhrifum var lífríki eyja í Þjórsá ekki skoðað, en flestar þeirra færur á kaf en aðrar yðu vart eyjar eftir að farvegur árinna yrði nánast vatnslaus.

Einnig viljum við ítreka athugasemdir okkar til verkefnisstjórnar þriðja áfanga rammaáætlunar dags 19. mars 2014 vegna flutnings Hvammsvirkjunar úr bið- í nýtingarflokk;

„Skipaður var faghópur til að meta óvissu fyrirliggjandi upplýsinga um áhrif Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjana í neðri hluta Þjórsár á laxfiska í ánni. Í skipunarbréfi til faghópsins eru línurnar strax lagðar á hlutlægan hátt þar sem segir: „...til þess að unnt sé að raða einhverjum þeirra eða öllum í nýtingarflokk á nýjan leik“. Af þessu orðalagi má

ráða að faghópurinn ætli sér í raun að finna rök fyrir færslu virkjana í Þjórsá aftur í nýtingarflokk.

Röksemdir faghópsins fyrir því að Hvammsvirkjun fari aftur í nýtingarflokk eru ekki sannfærandi. Gengið er út frá því að útbreiðsla göngufiska í Þjórsá sé ekki náttúruleg fyrir ofan Búða vegna inngripa mannsins þ.e. vegna fiskistiga sem gerður var árið 1991. Því sé í raun ásætlanlegt að skemma búsvæði fiska ofan fossins eða í það minnsta taka áhættu þar um. Þó beri að hafa í huga að svæðið ofan Búða sé áætlað vera „um 48% af útbreiðslu laxa í Þjórsárkerfinu og um 10% af framleiðslusvæði fyrir laxa“. Einnig kemur fram að laxastofninn í Þjórsá sé með þeim stærstu í landinu og laxastofnum sé víða ógnað. Seiðafleytur sem kynntar hafa verið sem mótvægisáðgerðir af framkvæmdaðila, hafa aldrei verið reyndar við vatnsaflsvirkjanir á Íslandi áður. Hvort þær virka við þessar aðstæður er alveg óvíst. Við undrumst þau orð skýrsluhöfunda þar sem þeir segja: „Mikilli óvissu væri eytt ef rannsóknarniðurstöður lægju fyrir um niðurgönguferli seiða við sambærilegar aðstæður. Slíkt tækifæri gæfist ef ráðist væri í Hvammsvirkjun. Þetta mundi einnig gefa mikilvægar upplýsingar um straumakerfi í lónunum og tengsl þess við atferli laxfiska“. Af þessu má lesa að upplagt væri að nota Hvammsvirkjun sem eins konar „prótótypu“ fyrir hvað gerist ef þessar virkjanir verða byggðar í Þjórsá. Þetta er ósvífin hugmynd. **Land og náttúra í og við Þjórsá ofan Búða er meira virði en menn geti gert það að tilraunasvæði fyrir vatnsaflsvirkjanir.** Jafnvel þó laxinn hafi nýlega numið land ofan Búða þá gefur það mönnum ekki völd til að gera hann að tilraunadýrum og réttlætir ekki þau groddalegu inngrip í lífríki Þjórsár sem Hvammsvirkjun mun valda, né að taka þá áhættu hvort mótvægisáðgerðir virki. Jafnvel þó tækist að forða hrúni laxastofnsins með tæknilegum lausnum á líffræðilegum málum þá hangir miklu fleira á spýttunni, eins og margoft hefur verið bent á í ferli þessa máls og tíundað var í athugasemdum okkar við 2. áfanga rammaáætlunar.”

Ástæður andstöðu okkar við virkjanir í neðri hluta Þjórsár eru helstar:

1. Búsvæði lífvera í Þjórsá og búsvæði lífvera á landi við ána er stefnt í voða.
2. Framkvæmdir munu hafa í för með sér eyðileggingu á gróðri og jarðvegi, alls munu 900ha af grónu landi fara undir lón og er þá ekki talið það land sem færi undir vegi, skurði og haugsvæði.
3. Landslag mun gjörbreytast. Áin yrði færð úr sínum náttúrulega farvegi, leidd í skurðum eða göngum sem veldur því að langir kaflar hennar verða mjög vatnslitlir og við það skapast uppfokshætta.
4. Samfélagsáhrif. Við lestur lokaskýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar II kemur fram að hún telur að upplýsingar skorti um samfélagsáhrif virkjananna. Sjálfbær þróun er þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum og hagrænum þáttum, en einnig menningarlegum og félagslegum þörfum, bæði núlifandi og komandi kynslóða. Nauðsynlegt er að taka alla þessa þætti með þegar taka á stórar ákvaðanir sem munu hafa áhrif til langs tíma. Nú þegar hafa hugmyndir og undirbúningur þessara virkjana haft slæm áhrif á mannlíf og samfélög við Þjórsá.
5. Þrengt yrði að landbúnaðarlandi en slíkt land er ekki óendaleg auðlind á Jörðinni. Nú hafa menn áhyggjur af fæðuskorti vegna jarðvegseyðingar í heiminum og fjölgunar mannkyns sem aldrei hefur verið jafn hröð. Efasemdir eru um að Jörðin geti borið vaxandi fólksfjölda nema mannkyn breyti lífnáðarháttum sínum. Vistkerfum hnignar og tegundum heimsins fækkar. Samfélög heimsins eru tengd hvert öðru og því munu áhrif svæðisbundinna breytinga breiðast út. Íslendingar verða að fylgjast með þessari þróun og vernda og bæta sitt land til að treysta grundvöll sinn til fæðuframléðslu. Ísland hefur heldur ekki farið varhluta af jarðvegseyðingu en talið er að gróið land hafi minnkað um helming frá landnámi. Eiga Íslendingar því ærið verkefni fyrir höndum við að endurreisa horfin eða skemmd vistkerfi og hreint glapræði að skemma vísvitandi vistkerfi með dýrmætum gróðri og jarðvegi sem enn er til staðar.
6. Þjórsá hefur virkað sem öflug girðing og verið mikilvæg vörn til að hefta útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Þurr árfarvegur veitir ekki slíka vörn og yrði því að girða meðfram ánni sem er dýrt og kostar endalaust viðhald auk þess sem það yrði lýti í landinu.

7. Eitt af því sem verður fágætara í okkar heimshluta er að heyra í náttúrunni. Verði Þjórsá stífluð og eðli hennar raskað, mun árnidur og hljóð fossa og flúða þagna. Við það yrði mikið frá fólki tekið því margir leggja við hlustir og njóta þessara náttúruhljóma.

Í 7. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem gildi hafa enn í dag, er að finna meginreglu sem segir að „vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.“ Meginregla þessi á sér ekki aðeins stöð í aldagamalli venju, heldur var hún þegar skráð í 24. gr. Landbrigðbálks hinnar fornu lögbókar Járnsíðu.

Virðingarfyllst,

*Sigbríður Jónsdóttir 1705625859*  
*Axel Árnason Njarðvík 0205614919*  
*Eystra-Geldingaholti 1*  
*Skeiða- og Gnúpverjahreppi*